

Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á umferðarlögum

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur birt á samráðsgátt drög að frumvarpi til laga um breytingu á umferðarlögum, meðal annars á ákvæðum um göngu- og vistgötur.

Með umferðarlögum nr. 77/2019 sem tóku gildi um síðustu áramót tóku stjórnvöld af skarið um að að útrýma ákveðnum hindrunum og tálum sem hindra aðgengi fatlaðs fólks, eins og þeim ber skv. 9. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF).


Í 10. gr. umferðarlaga var staðfest að fatlað og hreyfihamað fólk eigi rétt á því að fara um göngugötur til jafns við aðra enda segir í 1. mgr.: "Umferð vélknúinna ökutækja um göngugötu er óheimil. Þó er umferð vélknúinna ökutækja akstursþjónustu fatlaðra, handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamaða, lögreglu, slökkviliðs og sjúkraflutninga heimil."

Breytingar þær sem lagðar eru til í 2. og 3. gr. frumvarpsins skerða ekki þessi réttindi en þó verður að gera athugasemd við orðalag í greinargerð. Í 1. mgr. kafla 3 Meginefni frumvarpsins segir:

"1. Hámarksökuhraði í vistgötu verði 15 km á klst. í stað 10 km á klst. og bann við lagningu ökutækja í vistgötu látið taka til allra skráningarskyldra ökutækja," og
"3. Skýrt komi fram að bann við stöðvun og lagningu ökutækis á stöðum sem ekki eru ætlaðir fyrir umferð slíkra ökutækja, svo sem gangstétt, göngustíg, göngugötu, hjólarein eða hjólastíg auk umferðareyja, grassvæða og svipaðra staða taki ekki aðeins til vélknúinna ökutækja, heldur allra skráningarskyldra ökutækja, Þ.m.t. skráningarskyldra eftirvagna."

Einnig segir í 1. mgr. um 3. gr. í kafla um einstakar greinar frumvarpsins:

"Með greininni er lögð til breyting á 3. mgr. 28. gr. laganna sem fjallar um almennt bann við stöðvun og lagningu vélknúinna ökutækja á stöðum sem ekki eru ætlaðir fyrir umferð slíkra ökutækja."




Þetta mætti túlka sem svo að bannað sé að leggja ökutækjum í göngu- og vistgötum. Það er rétt að áréttta að svo er ekki. Í 2. mgr. 9. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir: " Vélknúnum ökutækjum má ekki leggja í vistgötu nema á merktum stæðum." og í 5. mgr. 10. gr. segir: " Vélknúnum ökutækjum má ekki leggja í göngugötu nema á merktum stæðum."

Það er nefnilega mjög mikilvægt að handhafar stæðiskorta hreyfihamlaðra, sem hafa heimild til að aka eftir göngugötum skv. 10. gr. umferðarlaga, geti lagt nálægt áfangastað, ekki lengra frá aðalinngangi en 25 m á hindrunarlausri leið, sbr. 6.2.4. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Því verður að gera ráð fyrir merktum bílastæðum hreyfihamlaðra í göngu- og vistgötum enda er oft ekki hægt að tryggja að þau fjarlægðarmörk séu virt ef bílastæðin eru utan þeirra.

Ekkert um okkur án okkar!

Með vinsemd og virðingu,



Stefán Vilbergsson
verkefnastjóri